



Hafnarfjörður

Reglur um leikskólavist í Hafnarfirði

Gildissvið - markmið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í alla leikskóla í Hafnarfirði og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Reglur þessar gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

1. kafli

Innritun í leikskóla

Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is er að finna yfirlit yfir alla leikskóla bæjarins.

Miðað er við að börn sem verða 15 mánaða í ágúst ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust ef mögulegt er. Innritunaráldur er sá aldur sem er í leikskóla hverju sinni, að frátöldum börnum sem hafa samþykktan forgang, og er það misjafnt milli ára. Ef fjöldi lausra leikskólaplássna er umfram þann fjölda barna sem verða 15 mánaða í ágúst ár hvert þá eru yngri börn innrituð samkvæmt kennitölu. Þess ber að geta að það fer eftir fjölda lausra plássna og aðstæðum í leikskólum hverju sinni hversu mörg pláss bjóðast.

Undantekning á þessu eru börn sem falla undir skilgreiningu um forgang, sjá kafla 6.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst þegar aðalinnritun fer fram. Á öðrum árstímum er innritað í þau pláss sem losna fyrir þann aldur sem laust er hverju sinni eða eins og aðstæður leyfa.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn hafi íslenska kennitölu og eigi lögheimili í Hafnarfirði, en barnið getur verið á biðlista þó lögheimili sé annars staðar. Barn getur ekki hafið leikskóladvöl nema flutningur á lögheimili til Hafnarfjarðar hafi átt sér stað.

Hægt er að sækja um fleiri en einn leikskóla. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þess að skoða þá leikskóla sem eru í boði, hafa samband við viðkomandi leikskólastjóra og kynna sér starfið. Ef ekki er hægt að verða við ósk foreldra/forráðamanna um þann leikskóla sem settur er í aðalval á umsókn, er umsókn raðað inn í þá skóla sem settir eru í aukaval ef það er laust pláss eða í leikskóla þar sem laust er.

Aðalinnritun er auglýst á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar í febrúar ár hvert. Mikilvægt er að umsóknum sé skilað inn fyrir 1. mars árið sem óskað er eftir innritun fyrir barnið. Aðalúthlutun leikskóladvalar fyrir haustið fer fram í mars ár hvert. Aðrar úthlutanir fara fram jöfnum höndum allt skólaárið, þegar leikskólapláss losna vegna flutninga eða annarra ástæðna.

Börn sem eiga systkini í þeim leikskóla sem settur er í aðalval njóta systkinatillits þar að því gefnu að laust pláss sé í leikskólanum þegar komið er að barninu skv. kennitölu. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum.



2. kafli

Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Leikskólar Hafnarfjarðarbæjar eru opnir frá klukkan 7:30 til 16:30 alla virka daga.

Mögulegt er að kaupa daglegan dvalartíma í leikskóla allt frá fjórum klukkustundum og upp í átta og hálfa klst, en þá ávallt á sama tíma alla vikudaga innan opnunartíma leikskóla. Mögulegt er að sækja tímabundið um 9 klukkustunda vistun ef aðstæður eru þess eðlis að styttri vistunartími er ekki nægilegur. Senda þarf formlega beiðni þess efnis til leikskólastjóra sem sendir beiðnina áfram til þróunarfulltrúa leikskóla sem afgreiðir beiðnina.

Leikskólar eru lokaðir fimm daga á ári vegna skipulagsdaga auk þess eru fjórir skertir skóladagar yfir árið vegna skipulags skólastarfs, þá daga opna leikskólar kl. 10:00. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Hægt er að sjá skóladagatal hvers leikskóla fyrir sig á heimasíðu Hafnarfjarðar.

Leikskólar í Hafnarfirði eru lokaðir á aðfangadag og gamlársdag og kemur það ekki til lækkunar á dvalargjöldum.

Hafnarfjarðarbær fellir niður leikskólagjöld milli jóla- og nýárs fyrir þá foreldra/forráðamenn sem óska eftir jölaleyfi fyrir börn sín, skráningum skal skila til leikskólastjóra fyrir 20. nóvember ár hvert. Mögulegt er að velja einn eða fleiri daga á þessu tímabili og er skráning bindandi fyrir þá daga.

Hafnarfjarðarbær fellir niður leikskólagjöld í dymbilviku fyrir þá foreldra/forráðamenn sem óska eftir páskaeyfi fyrir börn sín, skráningum skal skila til leikskólastjóra og er afsláttur reiknaður af gjöldum næsta mánaðar. Mögulegt er að velja einn eða fleiri daga á þessu tímabili og er skráning bindandi fyrir þá daga.

Hafnarfjarðarbær fellir niður leikskólagjöld í vetrarfríi grunnskóla fyrir þá foreldra/forráðamenn sem óska eftir leyfi á þeim tíma fyrir börn sín. Skráningum í leyfi skal skila til leikskólastjóra og er afsláttur reiknaður af gjöldum næsta mánaðar.

Börn sem dvelja í leikskólum í Hafnarfirði taka að lágmarki fjögurra vikna samfelldt sumarleyfi yfir sumarmánuðina. Leikskólar í Hafnarfirði loka síðustu tvær vikurnar í júlí, frá og með sumrinu 2022. Gjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.

3. kafli

Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir að leikskólavist hefjist er að barn sé með lögheimili í Hafnarfirði og íslenska kennitölu.

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir vistun barns í einu vistunarúrræði í senn.

Réttur til leikskólavistunar í úthlutuðum leikskóla fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássíð ef ofangreindum skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

3.a Undanþágur frá kröfu um lögheimili

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börn með lögheimili utan Hafnarfjarðar sem eru í föstri hjá fjölskyldum með lögheimili í Hafnarfirði geta fengið úthlutað leikskólapláss að beiðni barnaverndar. Í þeim tilfellum skal samþykki



Hafnarfjörður

lögheimilissveitarfélags eða þess sveitarfélags þar sem málið er til afgreiðslu liggja fyrir um greiðslu þess hluta gjaldanna sem fellur á sveitarfélagið. Skal samþykkið liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst.

Starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum, getur ekki fengið leikskólaláss fyrir börn sín í leikskólum bæjarins.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Hafnarfirði við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólaláss í leikskólum bæjarins, þá að hámarki í þrjá mánuði á hverju skólaári. Í þeim tilfellum er úthlutað leikskólaláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið m.a. að leikskólaláss sé laust fyrir viðkomandi aldur og að fullmannað sé í leikskólum sem sótt er um í. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði, sjá nánar viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga ([Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags - Samband íslenskra sveitarfélaga](#))

3.b Flutningur á milli sveitarfélaga

Börn sem flytjast milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fá heimild til þess að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskóla í nýja lögheimilissveitarfélaginu og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl þar innan sex til tólf mánaða. Sótt er um framlengingu á leikskóladvöl hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barn þarfnast sértæks stuðnings og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Börn sem flytjast til Hafnarfjarðar áður en viðmiði um innritunaráldur í Hafnarfirði er náð (sjá 1. kafla 2. mgr.) og eru í leikskóla/ungbarnaleikskóla í öðru sveitarfélagi fá niðurgreiðslu sem nemur niðurgreiðslu dagforeldris þar til innritunaráldri er náð. Innritunaráldur er sá aldur sem er í leikskóla hverju sinni, að frátöldum börnum sem hafa samþykktan forgang, og er það misjafnt milli ára. *Sjá nánar niðurgreiðslur Hafnarfjarðarbæjar vegna dvalar hjá dagforeldrum.*



4. kafli

Sjálfstætt reknir leikskólar utan Hafnarfjarðar

Óski foreldrar/forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn í leikskóla sem býður upp á uppeldisstefnu sem er afgerandi frábrugðin því sem boðið er upp á í leikskólum Hafnarfjarðar. Gilda eftirfarandi skilyrði:

- Barnið eigi lögheimili í Hafnarfirði.
- Barnið sé með íslenska kennitölu.
- Búið sé að sækja um greiðsluþátttöku Hafnarfjarðarbæjar inni á „mínar síður“ á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
- Barn sé á innritunarskjalum samkvæmt innritunarreglum Hafnarfjarðar. (*Sjá nánar kafla 1 mgr. 2*).
- Hafi barn ekki náð innritunarskjalum samkvæmt innritunarreglum Hafnarfjarðar er greiðsluþátttaka bæjarins sem nemur niðurgreiðslu dagforeldris þar til innritunarskjal hefur verið náð. (*Sjá nánar reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum*).
- Leikskóli hafi rekstrarleyfi og uppfylli lög um leikskóla.
- Að barnið sé slysatriðgt í leikskólanum.
- Barnið dvelji 4-8,5 klst. daglega í leikskólanum.
- Greitt er samkvæmt reikningi þar sem fram kemur nafn barns, kennitala, heimilisfang, leikskólagjöld og dvalartími ásamt staðfestingu foreldris.
- Greitt er í 11 mánuði á ári, skv. viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga þ.e. ekki er greitt fyrir sumarleyfismánuð, júlí eða ágúst. Gjaldskráin sýnir brúttótölur og frá þeim dragast leikskólagjöld sem viðkomandi leikskóli innheimtir af foreldrum/forráðamönnum.

4.a Námsmenn

Námsmenn, þar sem foreldri/forráðamaður er í fullu námi, geta sótt um leikskóladvöl fyrir börn sín frá 12 mánaða aldri í sjálfstætt reknum leikskólum utan Hafnarfjarðar. Eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu er að:

- Foreldri sé í háskólanámi og skráð í að lágmarki 30 ECTS einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.
- Foreldri sé í framhaldsskóla og skráð í fullt nám að lágmarki 30 framhaldsskólaeiningar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.
- Leikskóli hafi rekstrarleyfi og uppfylli lög um leikskóla.
- Að barnið sé slysatriðgt í leikskólanum.
- Barnið dvelji 4-8,5 klst. daglega í leikskólanum.
- Greitt er samkvæmt reikningi þar sem fram kemur nafn barns, kennitala, heimilisfang, leikskólagjöld og dvalartími ásamt staðfestingu foreldris.
- Greitt er í 11 mánuði á ári, skv. viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga þ.e. ekki er greitt fyrir sumarleyfismánuð, júlí eða ágúst. Gjaldskráin sýnir brúttótölur og frá þeim dragast leikskólagjöld sem viðkomandi leikskóli innheimtir af foreldrum/forráðamönnum.



5. kafli

Flutningur milli leikskóla sveitarfélagsins

Umsóknir um flutning milli leikskóla innan Hafnarfjarðar verða að berast fyrir 1. febrúar ár hvert. Sótt er um í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is. Flutningsbeiðnir sem borist hafa fyrir 1. febrúar ár hvert eru afgreiddar áður en aðalinnritun fer fram. Aðlögun í nýjan leikskóla á sér stað eftir aðstæðum í hverjum leikskóla fyrir sig en algengast er að þær fari fram eftir sumarlokun leikskóla.

6. kafli

Forgangur að leikskóla

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að forgangsraða börnum í leikskóla þegar taka þarf tillit til aðstæðna barna og foreldra/forráðamanna og eða til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Til að barn geti fallið undir skilgreiningu um forgang þarf að skila vottorði frá viðurkenndum greiningaraðilum.

Sækja má um forgang í leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Sótt er um forgang í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is. Fagteymi leikskóla metur allar forgangsbeiðnir sem berast.

Börn með samþykktan forgang raðast á biðlista eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningartilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra/forráðamanna er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki fagteymis leikskóla.

Leikskóladvöl barns með samþykktan forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur nema í sérstökum undantekningartilvikum.

Sækja má um forgang að leikskólum í Hafnarfirði vegna:

- Vegna barna með fötlun (vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn).
- Vegna barna með þroskafrávik (vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn).
- Vegna barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi - barnaverndarmál (vottorð frá viðurkenndum aðila skal fylgja umsókn).
- Vegna alvarlegra langtíma veikinda eða fötlunar hjá foreldrum/forráðamönnum eða systkinum barnsins (vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn).
- Ekki er veittur forgangur í leikskóla vegna fæðuofnæmis nema að um bráðuofnæmi sé að ræða og barn sé með EPI penna.
- Börn foreldra/forráðamanna undir lögaldri (18 ára).
- Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barn ekki eldra en 9 ára.
- Þríburar
- Börn starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar (sjá nánar í kafla 6. a).

6.a. Forgangur fyrir börn starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar



Hafnarfjörður

Starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðarbæjar, sem eru í 50% starfshlutfalli eða meira, geta sótt um forgang fyrir börn sín í leikskóla frá 12 mánaða aldri.

Undanþága er veitt eigi starfsmaður lögheimili í öðru sveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag þar sem starfsmaður býr, samþykkir að greiða fyrir barnið. Áður en kemur til vistunar skal skila skriflegri staðfestingu um að tryggt sé að greitt verði með barni starfsmannsins.

Láti starfsmaður af störfum áður en barn fellur undir innritunarreglur Hafnarfjarðarbæjar skal sérstaklega meta í hverju tilviki fyrir sig hvort barn haldi áfram leikskólagöngu eftir starfslok foreldris, með hliðsjón af högum viðkomandi barns og þörfum þess.

Að öðru leyti gilda almennar innritunarreglur um leikskólavist. Leikskólastjóri metur einstök mál í samráði við þróunarfulltrúa. Starfsmaður og leikskólastjóri bera ábyrgð á að tilkynna leikskóla barnsins um að starfsmaður hafi látið af störfum.

Sé komið að barninu á biðlista getur það verið áfram í leikskólanum.

Æskilegt er að starfsmenn hafi unnið á leikskóla í 3 mánuði áður en til vistunar barna þeirra kemur. Ef því er ekki viðkomið þá er hægt að útvega pláss fyrir þann tíma í samráði við leikskólastjóra.

Forgangur er fyrir starfsfólk sem eru við störf í leikskólum Hafnarfjarðar þegar barn hefur leikskólagöngu.

7. kafli

Úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn

Hafnarfjarðarbær innritar börn í leikskóla eftir aldri eins og því verður viðkomið. Aðalúthlutun leikskólavistar fer fram að vori ár hvert vegna leikskólarýma sem losna þegar elsti árgangur byrjar í grunnskóla. Aðrar úthlutanir fara fram jöfnum höndum allt skólaárið, þegar leikskólarými losna vegna flutninga eða annarra ástæðna.

Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólaplássi fær foreldri/forráðamaður bréf í tölvupósti þar sem farið er fram á að boðið um leikskólapláss sé staðfest hjá leikskólastjóra. Ef foreldri/forráðamaður hefur ekki staðfest tilboðið um leikskólaplássið með tölvupósti eða símtali við leikskólastjóra innan 5 virkra daga frá því að tilkynningin var send út, er litið svo á að leikskólavistinni sé hafnað. Innritun er alfarið í höndum leikskólastjóra þar sem aðstæður í hverjum leikskóla fyrir sig ráða því hvenær leikskóladvöl getur hafist. Þegar tilboð um leikskólapláss er staðfest kynnir leikskólastjóri foreldri/forráðamanni ferli innritunar í leikskólann.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar/forráðamenn með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Hafnarfjarðar og reglur þessar og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Uppsagnarfrestur í leikskólum Hafnarfjarðar er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilað til leikskólastjóra. Sækja skal um breytingar á dvalartíma í Völu leikskóla og þarf leikskólastjóri að samþykkja breytinguna áður en hún tekur gildi.



8. kafli

Gjaldtaka

Hafnarfjarðarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað dvalargjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Dvalargjöld og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld. Leikskólagjöld eru greidd í ellefu mánuði á ári.

Upphæð dvalargjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar sem birt er á heimasíðu bæjarins www.hafnarfjordur.is. Greiða þarf fyrir lágmarksvistun sem er 4 klst. á dag. Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 4.mgr. í kafla 3.a. Komi til þess að lögheimili barns flytjist til Hafnarfjarðar á meðan leikskóladvöl stendur breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili var flutt til Hafnarfjarðar í samræmi við almenna gjaldskrá leikskóla Hafnarfjarðar.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Hafnarfirði til útlanda gildir sérstök gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili frá þeim tíma er lögheimili flyst, sjá 4.mgr. í kafla 3.a.

Sótt er um afslátt af leikskólagjöldum í gegnum „Mínar síður“ á heimasíðu Hafnarfjarðar. Ekki er hægt að fá hvoru tveggja systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í senn. Endurnýja þarf umsókn um afslátt árlega fyrir 1. október. Afsláttur reiknast af dvalargjaldi en ekki fæðisgjaldi. Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn í leikskóla. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylla foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

8. a. Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur er veittur vegna systkina sem eru samtímis hjá dagforeldri, í leikskóla eða frístund. Annað barn fær 75% afslátt, þriðja og fjórða barn fá 100% afslátt. Ávallt er greitt



Hafnarfjörður

fullt gjald fyrir yngsta barn en afsláttur reiknast af gjöldum eldri systkina. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi.8.b. Tekjutengdur afsláttur

Foreldrar geta sótt um tekjutengdan afslátt sem er 50% annars vegar og 75% hins vegar. Afsláttur er eingöngu veittur af almennu dvalargjaldi. Sjá tekjuviðmið í gjaldskrá [Gjaldskrár | Hafnarfjörður \(hafnarfjordur.is\)](http://Gjaldskrár.Hafnarfjörður.hafnarfjordur.is).

Sótt er um tekjutengdan afslátt í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is. Afslátturinn er ekki afturvirkur. Endurnýja þarf umsóknir um tekjutengdan afslátt fyrir 1. október ár hvert.

8.c. Afsláttur vegna andláts maka eða skyndilegrar örorku.

Hafi orðið veruleg breyting á högum foreldris/forráðamanns barns/barna vegna andláts maka er heimilt að veita afslátt í samræmi við neðri tekjumörk tekjuviðmiða (nú 75%) í eitt ár.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik s.s.:

- þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.

Sótt er um afslátt í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is.

8.d. Afsláttur fyrir starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar

Starfsmenn leikskóla í Hafnarfirði geta sótt um 75% afslátt af dvalargjaldi fyrir barn sitt fyrir 8,5 klst. vistun eða minna. Starfsmaður þarf að vera að lágmarki í 50% starfi og staðfesting leikskólastjóra þarf að liggja fyrir.

Sótt er um afsláttinn hjá leikskólastjóra barns. Afslátturinn er ekki afturvirkur. Endurnýja þarf umsóknir um afslátt fyrir starfsfólk í leikskólum fyrir 1. október ár hvert.

8.e Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Sótt er um afslátt hjá leikskólastjóra.

8.f. Fáliðun

Leikskólastjórar hafa heimild til að senda börn heim þegar skortur er á starfsfólki í leikskólanum. Tryggja skal að viðbrögð við fáliðun séu höfð með öryggi barna að leiðarljósi. Þegar börn eru send heim að beiðni leikskólastjóra falla dvalargjöld niður fyrir þann tíma sem barnið er ekki í leikskólanum að beiðni leikskólastjóra. Dregið er af gjöldum næsta mánaðar.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum miðast við að öllum gögnum sé skilað og tekur gildi fyrir næsta mánuð eftir að umsókn hefur verið samþykkt. Afsláttur er ekki afturvirkur. Ef leiðrétt þarf leikskólagjöld kemur það til frádráttar gjöldum næsta mánaðar.



9. kafli

Stoðþjónusta

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis mennta- og lýðheilsusviðs.

10 .kafli

Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Hafnarfjarðarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum ásamt fæði. Fjárhæð gjalda og afsláttur á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt er af bæjarstjórn og birt á heimasíðu bæjarins www.hafnarfjordur.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda. Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, eða fá senda greiðsluseðla. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar og óska eftir að fá greiðsluseðla senda.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega. Gjöld í leikskóla eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilisgjalda.

Heimilt er að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu og/eða til þess að barn fái dvöl á frístundaheimili. Í því felst m.a. að heimilt er að segja upp frístundaheimilis- eða leikskóladvöl verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Innheimtuferill vegna vanskila

Gjalddagi dvalargjalda er 1. dagur hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Séu dvalargjöld enn ógreidd fimm dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörðun. Fimmtán dögum eftir að innheimtuviðvörðun hefur verið send er ógreidd krafa send til innheimtufyrirtækis. Eftir að hún hefur verið send þangað er hægt að semja um skuldina þar. Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við innheimtu á greiðanda.

Uppsögn leikskóladvalar.-

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 90 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 90 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Semji foreldri um greiðslur er uppsögn dregin til baka.

11. Kafli

Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Hafnarfjarðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Hafnarfjarðarbæjar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjalddöku fyrir barn í leikskóla er hægt að kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Skal þó slíkum kærum fyrst til fræðsluráðs Hafnarfjarðar áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra sbr. 3.mgr. 64. gr. Samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar. Aðila máls er heimilt að kæra til innviðaráðuneytis ákvarðanir



Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbæjar er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Reglur þessar voru fyrst samþykktar í fræðsluráði þann 30. mars 2022 og í bæjarstjórn þann 6. apríl 2022. Breytingar samþykktar í fræðsluráði 21. febrúar 2024 og bæjarstjórn 28. febrúar 2024

Við samþykkt þessara reglna falla úr gildi *Reglur og skilyrði um greiðslur til einkarekinna leikskóla*, sem samþykktar voru í fræðsluráði 21. mars 2018.